

S.bekkur

Kennslan skiptist í nokkrar greinar. Hið óþekkta fyrir utan og hið óþekkta innra með okkur, þarf að sígra og ná tökum á. Kröftugar sögur úr norrænni goðafræði eru miðlægar í frásögninni.

Nú er kennslunni skipt í fleiri greinar. Í munnlegri framsögn og sagnalistar kennarans er enn leitast við að höfða til ímyndunarafls nemenda í kennslunni. Hið nýja og óþekkta fyrir utan okkur og hið óþekkta innra með okkur verður að sígra og ná tökum á. Annars vegar þarf hugrekki og skynssemi til að fara út fyrir sjálfan sig og leita uppi hið framandi. Hins vegar krefst vinnan aðhalds svo við getum leyft hinu framandi að mæta okkur og tala sínu máli. Eitt höfuðþema fimmta skólaársins er norræna goðafræðin og er sá frásagnarheimur sem við eigum í arf ásamt Norðurlöndumum nýttur óspart í móðurmálskennslu, ritun og list og verkgreinar. Í textílvinnu er krosssaumur unnin frá grunni, talið út og teiknað upp eigið mynstur og síðan saumað út. Í handverkinu er unnið með að tálga út dýr úr ferskið eða gera smjörhnífa og litlar skeiðar úr tré.

Nám og skilningur byggir á því að skapa tengsl milli fyrirbæra heimsins. Raunvísindahugtök koma með dýrafræðinni í ár og hér snýst kennslan að lokum um menn; þegar við lærum um dýrin lærum við líka um þróun mannsins, okkur sjálf. Nemendur sjá hvað greinir sérhæfðan líkama og tilveru dýra frá alhliða möguleikum mannsins. Fyrirbæri heimsins segja líka eitthvað um fyrirbæri innra með okkur og með því að finna slík tengsl tengjum við hið nýja og óþekkta við hið örugga og kunnuglega.

Í landafræði er Ísland í brennidepli. Hringurinn stækkar frá fyrra ári og nú er ferðast um landið okkar í huganum og landvættir vísa veginn. Jafnframt er unnið með taktvísi og trommuslátt í tónlist og oft gerðar trommur.

Fleiri leiðir til að nálgast viðfangsefnin er ætlað að örva rannsakandi og vísindaleg viðhorf. Sú meðvitaða fjarlægð sem iðkuð er í fræðilegu samhengi hjálpar til við að beina athyglinni meira og meira að viðfangsefnum sjálfum. Viðfangsefnið verður miðpunkturinn og kennari og nemendur rannsaka það saman og vinna úr því á greinandi og faglegri hátt. Hér er athugun æfð sem aðskilin færni, og hæfileikinn til að greina smáatriði frá stærri heild byrjar að þróast. Samhliða því koma ný hugtök inn í stærðfræðina, brot, horn, einföld tölfræði, jafnframt sem nemendur þjálfast sig meira í flóknari dæmum í reikningi og tengja þau eins og framast er unnt við eigið líf, daglegt líf og verkefni í skólanum. Í formteikningu er nú farið með línuna undir og yfir í mynstri og keltneskir hnútar og form skoðuð.